



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Breytingartillögur Verkalýðsfélags Akraness við frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

1. Á eftir **9.gr.** frumvarpsins komi ný grein, **10. gr.** ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinatölur annarra greina samkvæmt því.

10.gr.

Ábyrgð og skyldur notendafyrirtækis.

Starfsmannaleiga skal afhenda notendafyrirtæki ráðningarsamninga þeirra starfsmanna sem leigðir eru. Er notendafyrirtæki óheimilt að nýta sér þjónustu viðkomandi starfsmanna nema ljóst sé af ráðningarsamningi að starfskjör séu í samræmi við kjarasamninga og íslenska löggjöf. Notendafyrirtæki getur leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags.

2. Við **10.gr.** er verður **11.gr.**

a. Í upphafi greinarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Stéttarfélag getur krafist notendafyrirtæki á félagssvæði sínu um ráðningarsamninga þeirra starfsmanna starfsmannaleiga sem þar starfa sem og önnur þau gögn sem notendafyrirtæki hefur undir höndum um vinnu starfsmanna svo sem tímaskýrslur. Ef stéttarfélag telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna ber því að senda Vinnumálastofnun rökstudda kvörtun.

b. Í lok greinarinnar bætist við ný setning svohljóðandi:

Sama gildir um starfsmenn stéttarfélaga

3. Við **16.gr.** er verður **17.gr.** Liður a.i. orðist svo:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 3.gr. laganna:

i. 1.tölul. 1.mgr. hljóði þannig:

Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda 1.gr., 6.gr. og 7.gr.

Athugasemdir við einstaka greinar breytingatillagna.

Um 10.gr.

Telja verður eðlilegt að gera þá kröfu til notendafyrirtækja að þau hafi undir höndum ráðningarsamninga og ábyrgist að kjör starfsmanna séu í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Er lagt til að fyrirtækin geti leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags hvort svo sé. Notendafyrirtækin hafa hingað til getað skýlt sér bak við ábyrgð starfsmannaleigunnar og hefur það að mati verkalýðshreyfingarinnar torvelað allar aðgerðir til að tryggja starfsmönnum starfsmannaleiga lögbundin starfskjör. Ætla verður einnig að notendafyrirtækin hafa mun betri þekkingu á kjarasamningum og íslenski löggjöf en starfsmannaleigur. Má ætla að ábyrgð notendafyrirtækja skapi meiri festu í þessum málum og tilraunum til að komast hjá lögboðnum launagreiðslum fækki. Þessi ábyrgð ætti ekki að íþyngja notendafyrirtækjum og geta þau falið stéttarfélögum málið með því að leita umsagnar þeirra. **Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um samráðsnefnd til að fjalla um málefni útlendinga nær almennt ekki til starfsmannaleiga þar sem þær eru í fæstum tilvikum aðilar að samtökum atvinnulífsins.** Á grundvelli framangreindrar ábyrgðar notendafyrirtækis getur nefndin hins vegar kallað eftir gögnum frá þeim, m.a. ráðningarsamningi.

Um 11.gr.


Telja verður að stéttarfélög á starfssvæði notendafyrirtækis sé hæfast til að hafa eftirlit með því hvort brotið sé gegn ákvæðum laganna. Þekking þeirra á kjarasamningum, nálægð og samneyti almennra félagsmanna við starfsmenn starfsmannaleiga auðveldar þetta eftirlit. Er eðlilegt að félögin geti kallað eftir ráðningarsamningum hjá notendafyrirtækjunum sem og önnur gögn sem fyrirtækin eru með um vinnu þessara starfsmanna, svo sem tímaskýrslur. Þessi eftirlitsheimild stéttarfélaga ætti að tryggja að mál komi fyrr til athugunar hjá Vinnumálastofnun og kvartanir samkvæmt 9.gr. verði færri og rökstuðningur betri. Má ætla að þetta fyrirkomulag leiði til minna álags á Vinnumálastofnun vegna þessara mála en ella.

Um 17.gr.

Í frumvarpi til laga um útsenda starfsmenn sem síðar varð að lögum nr.54/2001 um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja kemur fram að frumvarpið er sett fram til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/71EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Kemur fram í frumvarpinu að lög bandalagsins útiloki ekki einstök aðildarríki frá því að beita löggjöf sinni eða kjarasamningum gagnvart hverjum þeim sem ráðinn er til starfa á yfirráðasvæði þeirra þótt vinnuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki, jafnvel þótt ráðningin sé tímabundinn. (þetta kemur fram í tl. 10 og 19 í inngangi tilskipunarinnar.)

Má því tryggja, ef vilji er til slíks, viðkomandi starfsmanni öll þau sömu starfskjör og gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Fh. Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Biggisson